

Miðvikudaginn 19. október 1955.

Nr. 36/1954. Ólafur Pétursson (Guttormur Erlendsson)

gegn

Sigurði Guðmundssyni (Ragnar Ólafsson)

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Meiðyrðamál. Krafa um miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. marz 1954. Hann gerir þessar dómkröfur:

1. Að gagnáfrýjanda verði dæmd refsing fyrir ummæli þau, sem rakin eru í héraðsdómi, og ummælin dæmd ómerk.

2. Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum hæfilega fjárhæð til birtingar dóms þessa í opinberu blaði.

3. Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 75.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 16. maí 1949 til greiðsludags.

4. Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi og áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 30. apríl 1954. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

Eins og í héraðsdómi greinir, var aðaláfrýjandi hinn 31. maí 1947 dæmdur af Bergens Lagsogns Lagmannsrett til þess að sæta 20 ára hegningarvinnu fyrir ýmis afbrot, er hann hafði framið á árunum 1941 og 1942 í þjónustu þýzka hersins gegn norskum borgurum og norskum hagsmunum. Endurrit þess dóms hefur verið lagt fram í máli þessu, en hins vegar eigi hin norsku málsgögn. Aðaláfrýjandi er talinn hafa gengið Þjóðverjum á hönd í aprílmánuði 1941, er hann undirritaði þagnarheit í viðurvist þýzku leyniþjónustumannanna Klein, Havernick, er notaði dulnefnið Hervik, og Helmuth Jaspersen, er notaði dulnefnið Lund.

Í nefndum dómi er skýrt frá því, sem nú verður rakið:

Í maímánuði 1941 var aðaláfrýjandi á námsskeiði hjá Þjóðverjum í Oslo og lærði notkun senditækja og dulmálslykla. Í maí eða júnímánuði s. á. var uppi ráðagerð um það að senda aðaláfrýjanda um England til Íslands í erindum Þjóðverja. Var hann því látinn leita félagsskapar við þjóðholla Norðmenn, sem fara vildu til Englands, og einnig var honum komið í kynni við nafngreindan mann, sem honum skildist eiga að fara þangað í erindum Þjóðverja. Aðaláfrýjandi tók í þessu skyni þátt í kaupum á vélbátnum *Hernie*, sem hinn 5. júlí 1941 var siglt frá Bergen áleiðis til Englands. Aðaláfrýjandi fór þó eigi för þessa, enda hafði verið horfið frá því ráði að senda hann til Íslands.

Síðar segir svo í óvefngdri þýðingu af dóminum:

„Um það leyti, er ákærði (þ. e. aðaláfrýjandi) vann að því að koma mótorbátnum *Hernie* til Englands, bjó hann í herbergi hjá fjölskyldunni *Bonnevie* í *Professor Keyesersgate* og hafði aðgang að íbúð fjölskyldunnar. Hann nefndi Englandsferðina við son húsráðenda, *Rolf Bonnevie*, sem lét í ljós ósk um að verða með. Ákærði lét „*Lund*“ (*Helmuth Jaspersen*) vita um þetta, og enn fremur sagði hann honum, að móðir *Bonnevies*, sem hafði komið á snoðir um fyrirtælanir sonar síns, væri þeim mótfallin.

Nokkru síðar fékk ákærði veður af, að *Rolf Bonnevie* hefði tekizt á hendur ferð til *Harðangurs* í „ólöglegum“ erindagerðum, og tilkynnti hann „*Lund*“ (*Helmuth Jaspersen*) þetta. Hinn síðarnefndi fól honum að rannsaka, hvaða sambönd *Bonnevie* hefði. Til notkunar við njósnir um ferðir *Bonnevies* lánaði hann „*Lund*“ ljósmynd af honum, sem hann fékk lánaða í íbúð *Bonnevies* og sem „*Lund*“ lét taka eftirmynd af.

Frá júní—júlí 1941 gaf hann *Abwehr* upplýsingar um allt það, er hann varð vísari um *Rolf Bonnevie*. M. a. með því að útvega *Bonnevie* sprengiefni og kort yfir þýzkar virkisstöðvar, sem *Abwehr* lét hann fá í þessu augnamiði, tókst honum að ávinna sér traust *Bonnevies* og komast með í hina „ólöglegu“ starfsemi hans. Þannig fékk hann upplýsingar um ýmsa menn, sem *Bonnevie* hafði samband við. Þessar upplýsingar lét hann ganga til *Abwehrs*, og hinir

norsku útsendarar Abwehrs héldu uppi njósnum um allt þetta fólk. Á þessu gekk um það bil árlangt.

24. júní 1942 fékk ákærði tilkynningu frá Abwehr um að halda sig heima við næstu daga, þar sem eitthvað mundi ske. Næsta dag framkvæmdi þýzka öryggislögreglan fjölmargar handtökur í sambandi við málið, og fleiri handtökur fylgdu á eftir. Alls voru handteknir um 40 manns í þessu máli og öðru, sem Þjóðverjar stunduðu í sambandi við það. Meðal hinna handteknu var Bonnevie og tveir aðrir, Tunes og Ness, sem ákærði hafði haft samband við.

Af hinum handteknu dó einn í höndum þýzku öryggislögreglunnar í Veiten í Bergen, og 8, meðal þeirra Bonnevie, dóu í fangabúðum í Þýzkalandi. Margir voru í fangelsi í Þýzkalandi og 1 í Noregi, unz Þjóðverjar gáfust upp 1945. Hinir sátu í fangelsi frá 1 mánuði til 2ja ára. Fangelsun Bonnevies, Tunes og Ness var bein afleiðing þeirra upplýsinga, sem ákærði gaf Þjóðverjum. Hinir voru fangelsaðir sumpart vegna ábendinga ákærða, sumpart vegna ábendinga annarra útsendara og sumpart voru þeir handteknir vegna upplýsinga, sem Þjóðverjum tókst að afla sér, meðan á þessum framkvæmdum stóð, og þannig að nokkru leyti vegna starfsemi ákærða m. a.

Í september 1941 fór ákærði til Odda til að heimsækja fjölskyldu unnustu sinnar. Áður en hann fór, hafði „Hervik“ falið honum að rannsaka, hvort nokkur „ólögleg“ starfsemi ætti sér stað í Harðangri. Þjóðverjar greiddu ferðakostnaðinn. Í heimboði einu komst hann á snoðir um, að vopnabirgðir mundu faldar í Odda . . . Ákærði sendi tilkynningu til Abwehrs um vopnabirgðirnar og sagði, hver hefði gefið honum upplýsingarnar.

Um jólaleytið 1941 fór hann á ný til Odda til að heimsækja fjölskyldu unnustu sinnar, en jafnframt hafði Abwehr falið honum að leita upplýsinga. Einnig í þetta sinn greiddi Abwehr ferðakostnaðinn. Að þessu sinni komst ákærði á snoðir um, að leynileg útvarpsstöð mundi vera í Odda, og tilkynnti hann Abwehr þetta. Annaðhvort í þetta sinn eða í fyrra skiptið frétti hann, að fallhlífar hefðu komið niður í héraðinu, og tilkynnti hann það einnig. Upplýsingar ákærða

leiddu til þess, að margt manna var handtekið af þýzku öryggislögreglunni í Odda hinn 19/2 1942, þeirra á meðal Per Lægreid og tveir bræðurnir Saugstad. Annar hinna síðarnefndu var látinn laus eftir einn mánuð, hinn, er nokkuð var áliðið sumars. Lægreid sat í haldi til stríðsloka.

Í páskafríinu 1941 fékk ákærði veður af, að Hans Ekornes væri kunnugur eða hefði samband við Lægreid. Þetta tilkynnti hann Abwehr.

Ekornes og 22 aðrir voru handteknir við Álasund, er þeir voru í þann veginn að fara til Englands. Ekornes var skotinn í Þrándheimi hinn 7/10 1942. 18 hinna voru skotnir á Grini 30/4 1942. Það er hins vegar ekki álitíð sannað, að það hafi leitt af upplýsingum ákærða, að Ekornes, sem Þjóðverjarnir í Þrándheimi höfðu haft mál gegn áður, var handtekinn, né heldur, að hann var skotinn, né heldur að handtaka hinna 22ja sem og að 18 þeirra voru skotnir, hafi leitt af upplýsingum ákærða.

Þeir, sem voru handteknir í Odda, voru fluttir til Falstad, þar sem Ekornes sat, og þar voru þeir yfirheyrdir um Oddamálið. Ekornes sömuleiðis.“

Eigi þykir ástæða til að rekja frekar sakaratriði samkvæmt hinum norska dómi, en í sambandi við ákvörðun refsingar aðaláfrýjanda segir m. a. svo í forsendum dómsins í framangreindri þýðingu:

„Þá veldur það þyngdum dómi, að glæpir þeir, sem um fjallar í þessu máli, eru meðal slíkra af verstu tegund, að ákærði vann að því með alúð að leysa af hendi þau verkefni, sem Þjóðverjar fengu honum, og að þáttur ákærða í „Bonnie-málinu“ (nr. 5 að framan) hófst með því, að hann af eigin hvötum gerði Þjóðverjum aðvart um ferðir Bonnevies til Harðangurs, og þar sem hann ávann sér traust Bonnevies með því, að þykjast vera þátttakandi í hinni „ólöglegu“ starfsemi og tilkynnti þó Þjóðverjum jafnharðan um sambönd hans, en þetta var í mesta máta niðingslegt og gefur tilefni til hinna ströngustu gagnverkana.“ Í dómnum er hins vegar meðal annars talið til málsbóta: „Ennfremur er tekið tillit til þess, að hann var hlutfallslega ungur, er hann gekk í þýzka þjónustu, sem og að um það leyti var það ekki svo al-

mennt vitað, hvers konar meðulum og aðferðum þýzka öryggislögreglan (det tyske sipo) beitti né hvernig hún fór með hina pólitísku fanga sína, að hægt sé að gera ráð fyrir, að ákærði hafi vitað um það, hverju hann hefur og neitað.“

Þegar virt eru afbrot þau, sem telja verður aðaláfrýjanda sekan um samkvæmt hinum norska dómi, aðferðir hans við framkvæmd þeirra og afleiðingar þeirra, þá þykja eigi næg efni til að refsa fyrir ummæli þau, sem mál þetta er af risið og skilmerkilega eru rakin í héraðsdómi, enda verður eigi talið, að þau hafi verið höfð uppi að tilefnislausu, sbr. 237. gr. laga nr. 19/1940. Af sömu ástæðum verður krafa aðaláfrýjanda um ómerkingu ummællanna eigi tekin til greina að öðru en þessu:

1. Orðið „morðingjanum“, sbr. I. lið héraðsdóms, ber að ómerkja.

2. Eins og að framan greinir, er því lýst í hinum norska dómi, að af handteknum mönnum, sem þar er getið, hafi níu menn látizt í höndum þýzku lögreglunnar og í þýzkum fangabúðum. Hins vegar er ósannað talið, að handtaka 22 manna við Álasund og síðan líflát 19 þeirra, hafi hlotizt af atferli aðaláfrýjanda, enda þótt hann hefði áður gefið þýzkum stjórnvöldum skýrslu um einn þeirra. Þykir því ofmælt, að aðaláfrýjandi hafi á þriðja tug mannlífa á samvizkunni, sbr. niðurlag I. liðs og niðurlag III. liðs, a, í héraðsdómi, og ber að ómerkja þau ummæli að því leyti.

Engin efni eru til að sinna kröfu aðaláfrýjanda um fé til birtingar dóms þessa né kröfu hans um fébætur úr hendi gagnáfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2500.00.

Dómsorð:

Framangreind ummæli eiga að vera ómerk.

Aðaláfrýjandi, Ólafur Pétursson, greiði gagnáfrýjanda, Sigurði Guðmundssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. desember 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., hefur Ólafur Pétursson, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun með stefnu, útgefinni 16. maí 1949, gegn Sigurði Guðmundssyni ritstjóra, Fálkagötu 1, hér í bænum, vegna ummæla í greinum, sem birtust í dagblaðinu Þjóðviljanum, hér í bænum, dagana 27. marz, 6. apríl, 13. apríl, 28. apríl og 29. apríl 1949, en stefndi var ábyrgðarmaður þessa blaðs.

Hin umstefndu ummæli eru þessi:

- I. Í 69. tlbl., sem kom út þann 27. marz 1949, í óundirritaðri grein með fyrirsögninni: „Burt með leppstjórna“, þessi ummæli:
„Lið þetta er m. a. skipulagt og þjálfað af morðingjanum Ólafi Péturssyni, sem ríkisstjórnin leysti úr 20 ára tukthúsi í Noregi, þar sem hann hafði á samvizkunni á þriðja tug mannlífa“.
- II. Í 77. tlbl., sem út kom þann 6. apríl 1949, í óundirritaðri grein með fyrirsögninni: „Nokkur dæmi um framkvæmd hins vestræna lýðræðis“, þessi ummæli:
a. „Hershöfðinginn er fenginn beint frá Gestapo. „Íslenzki böðullinn“ var hann kallaður í Noregi . . .“
b. „Dæmdur glæpamaður fluttur frá Noregi til að gæta laga og réttar á Íslandi“.
- III. Í 83. tlbl., sem kom út 13. apríl 1949, í óundirritaðri grein með fyrirsögninni: „Dæmdur glæpamaður, nazistinn Ólafur Pétursson, krefst 75 þús. kr. skaðabóta af Þjóðviljanum, sem minnt hafði á fortíð hans að gefnu tilefni“, þessi ummæli:
a. „Þjóðviljinn hefur skýrt frá þátttöku nazistans Ólafs Péturssonar í hvítliðasveitum Heimdallarskrilsins, mannsins, sem norskur dómstóll dæmdi í 20 ára hegningarvinnu fyrir að vera valdur að dauða á þriðja tugs norskra ættjarðarvina . . .“
b. „ . . . íslenzka njósningarum, sem hefur mörg norsk mannlíf á samvizkunni . . .“
- IV. Í 91. tlbl., sem út kom 28. apríl 1949, í grein undirritaðri með dulnefninu „Suðurnesjamaður“ með fyrirsögninni: „Hurfu til upphafs síns“, þessi ummæli:
„Jafnvel dæmdur glæpamaður eins og Ólafur Pétursson gerir sig gildan og stefnir Þjóðviljanum fyrir ummæli, sem hafa þann eina galla að vera allt of væg um hin óskiljanlegu illvirki þessa manns“.
- V. Í 92. tlbl., sem út kom 29. apríl 1949, í grein undirritaðri með dulnefninu „Xy“ með fyrirsögninni: „Glæpamaður í gróðahug“, þessi ummæli:
a. „Stórglæpamaður nokkur, sem í einu nágrannalandi okkar var sekur fundinn um dauða fjölda ungra frelsisvina . . .“
b. „ . . . sem hefur sagt satt um blóðferil hans“.

Stefnandi, sem telur ummæli þessi stórlega meiðandi og móðgandi

fyrir sig, hefur gert þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til þyngstu refsingar, sem lög leyfa fyrir þau, að meiðyrðin verði dæmd dauð og ómerk, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum hæfilega fjárhæð til að standast kostnað af birtingu dómsins í opinberu blaði, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum bætur fyrir fjártjón og miska að fjárhæð kr. 75.000.00 með 6% ársvöxtum frá 9. apríl 1949 til greiðsludags og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað samkvæmt framlögðum reikningi eða að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Dómur í máli þessu var upphaflega kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur þann 5. desember 1950. Dómi þeim var áfrýjað til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 7. október 1953, var hinn áfrýjaði dómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að öll hin umstefndu ummæli, sem séu ósönn, séu mjög meiðandi og móðgandi fyrir sig.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að hin umstefndu ummæli séu sönn og því refsilaust að hafa þau um stefnda. Á árunum 1941 og 1942 hafi stefnandi dvalið í Noregi og verið í þjónustu þýzkra hernámsyfirvalda þar. Í starfi sínu hafi hann ljóstrað upp um störf margra norska manna, sem unnu í svonefndri mótspyrnuhreyfingu, og þannig orsakað handtöku þeirra, fangelsisvist og í sumum tilvikum líflát. Fyrir þessi störf sín hafi stefnandi af norskum dómstóli verið dæmdur í 20 ára hegningarvinnu. Fyrrgreind starfsemi stefnanda hafi verið sérstaklega illkynjuð og réttlæti fyllilega ummælin. Honum hafi verið sleppt úr haldi í Noregi fyrir atbeina íslenskra stjórnarvalda, en það hafi mælt illa fyrir í Noregi.

Af hálfu stefnanda hefur því verið haldið fram, að fyrrgreindur refsidómur væri ólögmætur og rangur.

Í málinu er fram komið, að þann 31. maí 1947 var stefnandi dæmdur af Bergens Lagsogns Lagmannsrett í 20 ára hegningarvinnu fyrir brot á norskum hegningarlagaákvæðum, en áður hafði sami dómstóll úrskurðað, að heimilt væri að dæma mál stefnanda af norskum dómstólum. Í refsímáli þessu taldi dómurinn sannað, að stefnandi hefði starfað í þjónustu þýzkra hernámsyfirvalda á árunum 1941 og 1942 og með atferli sínu ljóstrað upp um starfsemi margra félaga svonefndrar mótspyrnuhreyfingar. Þessar uppljóstranir stefnanda hafi haft í för með sér handtökur manna þessara. Hafi sumir þeirra hlotið langa fangelsisvist, en aðrir beðið bana. Stefnandi áfrýjaði ekki dómi þessum. Af hálfu íslenskra stjórnarvalda voru gerðar tilraunir til að fá stefnanda framseldan, en hann er íslenskur ríkisborgari. Þann 8. ágúst 1947 var stefnanda síðan vísað úr Noregi af norskum stjórnarvöldum. Fór hann síðan hingað

til lands og hefur dvalizt hér síðan. Ekki hefur hér á landi verið höfðað mál á hendur stefnanda vegna framangreinds atferlis hans.

Því er ómótmælt í málinu, að stefnda hafi verið kunnur dómur þessi, áður en greinar þær, sem að framan getur, birtust. Þar sem dómur þessi er kveðinn upp af löglegum dómstóli í ríki með hliðstæða réttarskipun þeirri, sem hér er, verður stefnda ekki metið það til sakar, þótt hann skýrði frá efni hans.

Verða hér á eftir athuguð hin einstöku ummæli, sem stefnt er fyrir.

Um I.

Að því er varðar setningarhlutann: „Lið . . . Ólafi Péturssyni“, þá má fallast á, að þessi ummæli séu mjög meiðandi og móðgandi fyrir stefnanda, og þar sem þau hafa ekki verið réttlætt, ber að refsa stefnda fyrir þau. Þykja ummælin varða við ákvæði 235. gr. hinna almennu hegningarlaga nr. 19 frá 1940.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 241. gr. hegningarlaganna þykir einnig verða að ómerkja ummæli þessi.

Að því er varðar setningarhlutann: „sem ríkisstjórnin . . . í Noregi“, þá er hér um að ræða frásögn úr fyrrgreindum dómi og atriði í sambandi við hann. Ummæli þessi eru sett fram á ótilhlýðilegan hátt, og þar sem ekki verður séð, að stefnandi hafi gefið tilefni til, að þau yrðu notuð, þykir birting þeirra varða við ákvæði 237. gr. hegningarlaganna, og verður að refsa stefnda fyrir þau.

Þá þykir einnig samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 241. gr. hegningarlaganna bera að ómerkja brígzlyrði þessi.

Telja verður að setningarhlutinn: „þar sem hann . . . mannlífa“ sé meiðandi og móðgandi fyrir stefnanda, og þar sem ummæli þessi eru ósönnuð, verður að telja, að notkun þeirra varði við ákvæði 235. gr. hegningarlaganna, og ber að refsa stefnda fyrir þau.

Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. hegningarlaganna ber að ómerkja þau.

Um II a.

Að því er varðar setninguna: „hershöfðinginn . . . Gestapo“, þá er ljóst, að ummæli þessi eru notuð til ófrægingar stefnanda, og þar sem þau eru ekki réttlætt, verða þau talin varða við ákvæði 234. gr. hegningarlaganna, og stefnda því refsað fyrir þau.

Þá ber einnig að ómerkja ummæli þessi samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 241. gr. hegningarlaganna.

Að því er síðari setninguna varðar: „Íslenzki . . . Noregi“, þá virðist hér vera skýrt frá ummælum, sem höfð voru um stefnanda í því landi. Þar sem stefnandi virðist ekki hafa gefið stefnda tilefni til að nota ummæli þessi, þykir samkvæmt ákvæðum 237. gr. hegningarlaganna verða að refsa stefnda fyrir þau.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 241. gr. hegningarlaganna ber enn fremur að ómerkja brígzlyrði þessi.

Um II b.

Fyrri hluti setningar þessarar er í samræmi við fyrrgreindan dóm, en þar sem stefnandi hefur ekki gefið tilefni til að nota þau, varða þau við ákvæði 237. gr. hegningarlaganna, og ber að refsa stefnda fyrir þau. Síðari hluti setningarinnar virðist hins vegar settur fram til að óvirða stefnanda, og þar sem þau ummæli hafa ekki verið réttlætt, verður að telja þau varða við ákvæði 234. gr. hegningarlaganna, og ber að refsa stefnda fyrir þau.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 241. gr. hegningarlaganna þykir bera að ómerkja ummæli þessi.

Um III a.

Telja verður, að setningarhlutinn: „Þjóðviljinn . . . Heimdallar-skrilsins“, sé móðgandi fyrir stefnanda, og þar sem ummæli þessi hafa ekki verið réttlætt, þykja þau varða við ákvæði 234. gr. hegningarlaganna, og ber að refsa stefnda fyrir þau.

Að því er varðar setningarhlutann: „mannsins . . . hegningarvinnu“, þá er hér um að ræða frásögn um fyrrgreindan dóm. Ummæli þessi eru hins vegar sett fram á ótilhlýðilegan hátt og án þess að séð verði, að stefnandi hafi gefið tilefni til, að þau væru notuð. Þykir birting þeirra varða við ákvæði 237. gr. hegningarlaganna, og ber að refsa stefnda fyrir þau.

Telja verður, að setningarhlutinn: „fyrir að vera . . . ættjarðarvina“, sé meiðandi og móðgandi fyrir stefnanda, og þar sem ummæli þessi eru ósönnuð, verður að telja, að notkun þeirra varði við ákvæði 235. gr. hegningarlaganna, og ber að refsa stefnda fyrir þau.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 241. gr. hegningarlaganna ber að ómerkja öll ummælin í þessum lið.

Um III b.

Ummæli þessi eiga stoð í fyrrgreindum dómi, en þar sem þau eru sett fram á ótilhlýðilegan hátt og án tilefnis frá stefnanda, verður að telja, að birting þeirra varði við ákvæði 237. gr. hegningarlaganna, og ber að refsa stefnda fyrir þau.

Þá ber einnig samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 241. gr. hegningarlaganna að ómerkja brígzlyrði þessi.

Um IV.

Með vísan til þess, sem greinir um III b hér að framan, þykir fyrri hluti ummæla þessara varða við ákvæði 237. gr. hegningarlaganna, og ber að refsa stefnda fyrir brígzl þau, sem í þeim felast. Að því er síðari hlutann varðar, þá þykir notkun þeirra ummæla varða við ákvæði 235. gr. hegningarlaganna, og verður stefnda því einnig refsað fyrir þau.

Ummæli þessi og brígzlyrði verður að ómerkja samkvæmt ákvæðum 241. gr. hegningarlaganna.

Um V a.

Með vísan til þess, sem greinir um III b hér að framan, þykja ummæli þessi varða við ákvæði 237. gr. hegningarlaganna, og ber að refsa stefnda fyrir þau. Þá ber einnig samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 241. gr. hegningarlaganna að ómerkja brizglyrði þessi.

Um V b.

Fallast má á, að ummæli þessi séu verulega meiðandi og móðgandi fyrir stefnanda, og þar sem þau hafa ekki verið réttlætt, ber að refsa stefnanda fyrir notkun þeirra. Þykja ummælin varða við ákvæði 235. gr. hegningarlaganna.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 241. gr. hegningarlaganna þykir verða að ómerkja ummæli þessi.

Hér að framan hafa hin umstefndu ummæli verið rakin. Þegar allt er virt, er hér skiptir máli, þykir refsing stefnda hæfilega ákveðin 1000 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 10 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 241. gr. hegningarlaganna ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda fé til að standast kostnað af birtingu dóms þessa í opinberu blaði eða riti. Þykir það fé hæfilega ákveðið kr. 100.00.

Að því er varðar skaðabótakröfu stefnanda, þá hefur hann bent á, að í blaði því, sem hin umstefndu ummæli birtust í, hafi birt fjöldi greina, sem séu til þess fallnar að valda honum tjóni, þannig að segja meg, að um ofsókn á hendur honum sé að ræða.

Af stefnda hálfu hefur skaðabótakröfunni algerlega verið mót-mælt og þess krafizt, að stefnanda verði refsað fyrir tilefnislausu kröfugerð að þessu leyti.

Það er ósannað, að ummæli þessi hafi valdið stefnanda fjártjóni, og koma því bætur að því leyti ekki til greina. Þegar virt eru atvik öll að máli þessu, efni og forsaga ummælanna, þá þykir stefnandi heldur ekki eiga rétt á miskabótum úr hendi stefnda vegna þeirra. Hins vegar eru engin efni til að taka til greina refsikröfu stefnda.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Stefndi, Sigurður Guðmundsson, greiði 1000 króna sekt í ríkissjóð, en sæti 10 daga varðhaldi, verði sektin ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Stefndi greiði stefnanda, Ólafi Péturssyni, kr. 100.00 til að standast kostnað af birtingu dóms þessa í opinberu blaði eða

riti og kr. 500.00 í málskostnað, en sé að öðru leyti sýkn af kröfum hans í máli þessu.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. október 1955.

Nr. 147/1955. V. Arnason & Co. h/f

gegn

Vigfúsi Friðjónssyni & Co. h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Krafa um frest í víxilmáli.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur hinn 28. september þ. á. skotið til Hæstaréttar úrskurði, kveðnum upp á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 22. september þ. á., í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, umbeðinn frestur veittur og honum dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja. Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Sóknaraðili hefur haldið því fram í aðalmálinu, að hann hafi samþykkt víxil þann, sem í málinu greinir, til greiðslu á andvirði vöru, sem reynzt hafi gölluð, og hafi varnaraðili fallizt á að lækka víxilfjárhæðina af þeim sökum, en þessu hefur varnaraðili neitað. Framangreind varnarástæða sóknaraðilja kemst ekki að í víxilmáli, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð og dæma varnaraðilja kærumálskostnað úr hendi sóknaraðilja, er ákveðst kr. 600.00.

Víta ber tilefnislausu kæru máls þessa.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, V. Arnason & Co. h/f, greiði varnaraðilja,